



Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur  
101 REYKJAVÍK

***Verklagsreglur um úthlutun styrkja - menningar- og ferðamálaráðs***

Á fundi menningar- og ferðamálaráðs þ. 11. september sl. voru samþykktar nýjar verklagsreglur um úthlutun styrkja og samstarfssamninga menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar 2018 og eru þær hér með sendar borgarráði til staðfestingar.

f.h. menningar- og ferðamálaráðs

*Inga María Leifsdóttir*

Inga María Leifsdóttir  
verkefnastjóri  
skrifstofa Menningar- og ferðamálasviðs

Hjálagt:

Verklagsreglur um úthlutun nýrra styrkja og samstarfssamninga menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar 2018. Samþykkt á fundi menningar- og ferðamálaráðs 11. september sl.

# Verklagsreglur um úthlutun styrkja og samstarfssamninga menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar 2018.

Samþykktar á fundi menningar- og ferðamálaráðs 11.9.2017

Verklagsreglur þessar fjalla einungis um þá styrki sem eru á kostnaðarstaðnum Styrkir og rekstrarsamningar, en ekki þá sem eru sérstakir liðir á fjárhagsáætlun. Um Borgarlistamann, Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar, styrki til myndríkrar útgáfu og Borgarhátíðir Reykjavíkur 2017-2019 gilda sérstakar reglur.

Styrkir til menningarmála eru auglýstir í ágústlok 2017 vegna ársins 2018 á sama tíma og aðrar styrkveitingar borgarsjóðs og með umsóknarfresti til hádegis 2. október 2017.

<http://reykjavik.is/styrkir>

Um meðferð, afgreiðslu og eftirfylgni styrkja og samstarfssamninga er farið eftir reglum Reykjavíkurborgar um styrki. Vakin er athygli á þeim breytingum sem gerðar hafa verið á styrkjareglum borgarinnar er varða skyldu styrknjótenda til að skila kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta tiltekinnar þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar.

## Sérstakar áherslur ráðsins í styrkveitingum vegna ársins 2018

Menningarstefna Reykjavíkurborgar er sá grundvöllur sem styrkveitingar ráðsins byggja á og aðgerðaráætlun sem byggir á henni. Leiðarljós stefnunnar er:

Reykjavík gegnir menningarlegu forystuhlutverki. Sjálfsmýnd borgarinnar byggir á skapandi hugsun, frumkvæði og menningararfi í samspili við alþjóðlegar stefnur og strauma. Menningarlífið einkennist af metnaði, fjölbreytni, samvinnu og virkri þátttöku íbúa og gesta.

Sértækar áherslur 2018 eru:

- Listir fyrir og með börnum.
- Grásrot, nýmæli, framsækni og frumkvæði í menningu og listum.
- Aukið aðgengi og þátttaka nýrra hópa í menningunni (þ.á.m. að listamenn sem ekki hafa íslenskan bakgrunn hafi greiðan aðgang að þátttöku í menningarlífinu)
- Fjölbreytni samfélagsins og breidd menningarlífsins endurspeglar í þátttakendum og njótendum verkefna.
- Endurnýjun eigi sér stað í hópi styrkþega.

## Styrkveitingar 2018

Sérstakur faghópur fjallar um þá styrki sem sótt er um árlega vegna menningar á <http://reykjavik.is/styrkir>. Um er að ræða bæði verkefnastyrki, rekstrarstyrki, samstarfssamninga og val á listhópi Reykjavíkur.

- **Verkefnastyrkir** fyrir afmörkuð verkefni á sviði menningar og lista til framkvæmdar 2018.
- **Styrkir til hópa eða félaga sem eiga að baki samfellt starf** án þess að styrkir séu tengdir ákveðnu verkefni.
- **Samstarfssamningar** til tveggja eða þriggja ára veittir hópum eða stofnunum sem sannað hafa gildi sitt í reykvísku menningarlífi, hafa náð afbragðs árangri og geta með rökstuddum umsóknum sýnt fram á framkvæmdagetu og fjármögnunarleiðir til að reka áformaða liststarfsemi. Gerð samstarfssamninga til fleiri ára er háð samþykki borgarráðs og með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar hverju sinni.
- **Listhópur Reykjavíkur** er valinn árlega úr hópi styrkþega. Hann getur verið úr hvaða listgrein sem er. Titillinn er viðurkenning og má hópurninn nota hann í kynningu á starfi sínu að vild.

Að auki er veitt úr styrkjapottinum framlag til svonefndra Borgarhátíða, myndríkrar miðlunar, framlag til Borgarlistamanns Reykjavíkur og Bókmenntaverðlauna Tómasar Guðmundssonar.

### Borgarhátíðir Reykjavíkur 2017-2019

Fjórar lykilhátíðir voru valdar sérstaklega af menningar- og ferðamálaráði og fengu viðurkenninguna Borgarhátíðir Reykjavíkur 2017-2019. Þær þurftu að uppfylla sérstök skilyrði skv. sérstakri auglýsingu. Tilgangur valsins var að styðja samfellu og framþróun í hátíðum á ólíkum sviðum menningar- og lista, sem hafa þegar sannað gildi sitt hvað varðar þýðingu fyrir menningarlífið í borginni, alþjóðleg tengsl, jákvæð áhrif á ferðamennsku og ímynd borgarinnar auk efnahagslegs umfangs. Hátíðirnar fengu þriggja ára samstarfssamning sem felur í sér markmið um starfsemi, þróun og rekstur. Ekki verður auglýst eftir nýjum borgarhátíðum vegna 2018, en öllum hátíðum gefst kostur á að sækja um samstarfssamning.

### Styrkir fyrir sérstaklega myndríka miðlun/útgáfu tengda sögu og menningu í Reykjavík.

Þeir eru ætlaðir til niðurgreiðslu á kostnaði vegna kaupa á ljósmyndum frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Tilgangur styrkveitinganna er að hlúa að varðveislu menningararfleifðar Reykjavíkur og miðlunar hennar í fjölbreyttu formi. Þeir styrkir eru auglýstir sérstaklega að

vori. Hópur skipaður þremur sérfræðingum á Menningar- og ferðamálasviði fer yfir umsóknir og gerir tillögu til menningar- og ferðamálaráðs.

### **Borgarlistamaður.**

Árlega skal veitt úr borgarsjóði viðurkenning til borgarlistamanns Reykjavíkurborgar. Menningar- og ferðamálaráð útnefnir borgarlistamann.

### **Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar**

Þau eru veitt fyrir óbirt handrit að ljóðabók. Auglýst er eftir handritum fyrir áramót og skulu handrit, sem keppa til næstu verðlauna, berast fyrir 1. júní á úthlutunarári. Þriggja manna dómnefnd velur verðlaunahandritið.

**Af kostnaðarstað 03113 fer að jafnaði ekki** framlag til sjóða sem úthlutað er af öðrum en Reykjavíkurborg.

## **Verklag**

### **Faghópur um styrki**

Umsóknum um styrki til menningarmála er vísað frá skrifstofu borgarstjórnar til menningar- og ferðamálaráðs. Skrifstofa sviðsins leggur fram yfirlit til kynningar á fundi ráðsins. Það vísar umsóknunum til faghóps til yfirferðar og ráðgjafar fyrir ákvörðun ráðsins.

Menningar- og ferðamálaráð felur fimm manna faghópi að fjalla um umsóknir um árlegar styrkveitingar ráðsins. Faghópurinn er skipaður fjórum fulltrúum tilnefndum af Bandalagi íslenskra listamanna og einum frá Hönnunarmiðstöð Íslands. Jafnframt skal tilnefna jafn marga varamenn. Ekki er gert opinbert fyrr en að úthlutun lokinni hverjir sitja í faghópnum. Starfsmaður skrifstofu sviðsins er faghópnum til ráðgjafar og leiðbeiningar og situr fundi hópsins eftir því sem þörf krefur.

Tryggja skal endurnýjun faghóps á milli ára. Tillögum faghópsins skal fylgja rökstudd greinargerð sem kynnt er menningar- og ferðamálaráði af formanni og/eða öðrum fulltrúum hópsins. Tillögur faghóps eru ráðgefandi og tekur menningar- og ferðamálaráð ákvörðun um úthlutun á öðrum fundi eftir að tillögur hafa verið kynntar.

Við skipun í faghóp skal taka mið af 2. kafla stjórnarsýslulaga um sérstakt hæfi. Sama gildir ef hópurinn hefur hafið störf og spurning um vanhæfi kemur upp. Jafnframt ber að gæta að jöfnum kynjahlutföllum og að skipan fulltrúa endurspegli þann fjölbreytta hóp listamanna sem starfar innan BÍL og Hönnunarmiðstöðvar.

Faghópurinn gerir tillögur um árlega styrki ráðsins þ.e. verkefnastyrki, styrki til hópa eða félaga sem eiga að baki samfellt starf, styrki til hátíða og langtímasamninga. Störf tilnefndra fulltrúa í faghópi eru greidd skv. fjárhagsáætlun kostnaðarstaðarins 03113 – styrkir.

Við mat á umsóknum skal fylgja styrkjareglum Reykjavíkurborgar og stefnumörkun.

Umsóknir skulu metnar með hliðsjón af:

- a) markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð
- b) hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf
- c) hvort unnt sé að meta framvindu verksins
- d) hvort skilagreinar og fyrri verkefni sem styrk hafa hlotið uppfylli lágmarkskröfur
- e) væntanlegum árangri og ávinningi fyrir umrædda starfsemi
- f) fjárhagsáætlun og greinargerð um aðra fjármögnun sem einnig skal fylgja umsókn.
- g) því hve vel þær falla að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og markmiðum um innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun.

Styrkþegum er skylt að skila greinargerð um ráðstöfun styrkfjár fyrir lok ráðstöfunarárs.

Greinargerðinni skal skilað á sérstöku eyðublaði sem er aðgengilegt á [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)

Upplýsingarnar verði kyngreindar og sérstaklega verði greint frá því hvaða áhrif styrkurinn hefur á stöðu jaðarsettra hópa fólks. sbr. mannréttindastefna Reykjavíkur.

Fylgiskjal: **Úr gildandi stjórnarsýslulögum: II. kafli. Sérstakt hæfi.**

■3. gr. Vanhæfisástæður.

Starfsmaður eða nefndarmaður er vanhæfur til meðferðar máls:

1. Ef hann er aðili máls, fyrirvarismaður eða umboðsmaður aðila.
2. Ef hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.
3. Ef hann tengist fyrirvarsmanni eða umboðsmanni aðila með þeim hætti sem segir í 2. tölul.
4. Á kærustigi hafi hann áður tekið þátt í meðferð málsins á lægra stjórnarsýslustigi. Það sama á við um starfsmann sem fer með umsjónar- eða eftirlitsvald hafi hann áður haft afskipti af málinu hjá þeirri stofnun sem eftirlitið lýtur að.
5. [Ef hann á sjálfur sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta, venslamenn hans skv. 2. tölul. eða sjálfseignarstofnun eða fyrirtæki í einkaeigu sem hann er í fyrirvari fyrir. Sama á við ef næstu yfirmenn hans hjá hlutaðeigandi stjórnvaldi eiga sjálfir sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta. Verði undirmaður vanhæfur til meðferðar máls verða næstu yfirmenn hans aftur á móti ekki vanhæfir til meðferðar þess af þeirri ástæðu einni.]1)
6. Ef að öðru leyti eru fyrir hendi þær ástæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu.

Eigi er þó um vanhæfi að ræða ef þeir hagsmunir, sem málið snýst um, eru það smávægilegir, eðli málsins er með þeim hætti eða þáttur starfsmanns eða nefndarmanns í meðferð málsins er það lítilfjórlegur að ekki er talin hætta á að ómálefnaleg sjónarmið hafi áhrif á ákvörðun.

1)L. 49/2002, 1. gr.

■4. gr. Áhrif vanhæfis.

Sá sem er vanhæfur til meðferðar máls má ekki taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn þess. Honum er þó heimilt að gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að halda máli í réttu horfi á meðan staðgengill er ekki til staðar.

Nefndarmaður, sem vanhæfur er til meðferðar máls, skal yfirgefa fundarsal við afgreiðslu þess.

■5. gr. Málsmeðferð.

Starfsmaður, sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans, skal án tafar vekja athygli yfirmanns stofnunar á þeim.

Yfirmaður stofnunar ákveður hvort starfsmanni hennar beri að víkja sæti. Í þeim tilvikum, er vafi kemur upp um hæfi yfirmanns stofnunar, tekur hann sjálfur ákvörðun um hvort hann víkur sæti.

Nefndarmaður, sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans, skal án tafar vekja athygli formanns stjórnarsýslunefndar á þeim.

Stjórnarsýslunefnd ákveður hvort nefndarmönnum, einum eða fleiri, beri að víkja sæti. Þeir nefndarmenn, sem ákvörðun um vanhæfi snýr að, skulu ekki taka þátt í ákvörðun um það. Þetta gildir þó ekki ef það leiðir til þess að stjórnarsýslunefndin verður ekki ályktunarhæf. Skulu þá allir nefndarmenn taka ákvörðun um hæfi nefndarmanna.

■6. gr. Setning staðgengils.

Þegar starfsmaður víkur sæti og ekki er til staðar annar hæfur starfsmaður skal sá er veitir stöðuna setja staðgengil til þess að fara með málið sem til úrlausnar er.